

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/91/EB

2008/EES/76/13

frá 6. október 2003

um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs<sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 2003/61/EB<sup>(2)</sup>, einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 72/168/EBE frá 14. apríl 1972 um einkenni og lágmarksskilyrði við skoðun á stofnum matjurta<sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 2002/8/EB<sup>(4)</sup>, er, með tilliti til opinbers samþykkis fyrir því að yrkjum [σ: stofnum] verði bætt við skrár aðildarríkjana, kveðið á um hvaða eiginleikar [σ: einkenni] skuli að lágmarki falla undir athuganir á mismunandi tegundum og hvaða lágmarksskilyrði skuli uppfylla við athuganirnar.
- 2) Stjórn skrifstofu fyrir plöntuyrki í Bandalaginu (CPVO), sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2100/94 frá 27. júlí 1994 um tilkall til plöntuafbrigða í Bandalaginu<sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1650/2003<sup>(6)</sup>, hefur gefið út viðmiðunarreglur um skilyrði fyrir athugun á yrkjum að því er tilteknar tegundir varðar.
- 3) Viðmiðunarreglur, þar sem sett eru skilyrði fyrir athugunum á yrkjum, eru fyrirbyggjandi á alþjóðlegum vettvangi. Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) hefur samið viðmiðunarreglur um prófanir.
- 4) Tilskipun 72/168/EBE var breytt með tilskipun 2002/8/EB til að tryggja samræmi milli viðmiðunarreglna skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu og þeirra skilyrða fyrir athugun á yrkjum með tilliti til samþykkis fyrir því að þeim verði bætt við innlendar skrár yfir yrki í aðildarríkjunum, að svo miklu leyti sem skrifstofan fyrir plöntuyrki í Bandalaginu hefur sett viðmiðunarreglur. Skrifstofan fyrir plöntuyrki í Bandalaginu hefur gefið út viðmiðunarreglur um ýmsar aðrar tegundir.
- 5) Rétt er að tryggja samræmi milli viðmiðunarreglna skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu og skilyrða fyrir samþykki fyrir því að yrkjum verði bætt við innlendar skrár í aðildarríkjunum.

6) Rétt er að byggja kerfi Bandalagsins á viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja hafi skrifstofan fyrir plöntuyrki í Bandalaginu enn sem komið er ekki samið sértækar viðmiðunarreglur. Innlend lög gilda um þær tegundir sem ekki falla undir þessa tilskipun.

7) Tilskipun 72/168/EBE ber því að fella úr gildi.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að yrkjum grænmetistegunda, sem fullnægja kröfunum sem eru settar fram í 2. mgr., verði bætt við innlendar skrár í skilningi 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/55/EB.

2. Að því er varðar aðgreinanleika, stöðugleika og einsleitni:

a) skulu tegundirnar, sem eru tilgreindar í I. viðauka, uppfylla skilyrðin sem stjórn skrifstofu fyrir plöntuyrki í Bandalaginu mælir fyrir um í „Bókun um prófanir á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika“ og tilgreind eru í þeim viðauka,

b) skulu tegundirnar, sem eru tilgreindar í II. viðauka, fullnægja viðmiðunarreglunum sem Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja samdi um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika og tilgreindar eru í þeim viðauka.

2. gr.

Kanna skal alla eiginleika yrkja í skilningi a-liðar 2. mgr. 1. gr. og alla eiginleika sem eru merktir með stjörnu (\*) í viðmiðunarreglunum, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., svo framarlega sem athugun á eiginleikum er ekki óframkvæmanleg sökum þess að aðrir eiginleikar koma fram og svo framarlega sem umhverfisaðstæður við prófun koma ekki í veg fyrir að eiginleikar komi fram.

3. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess, að því er varðar tegundir sem eru skráðar í I. og II. viðauka, að lágmarkskröfum við framkvæmd athugana að því er lýtur að útfærslu prófunar og vaxtar skilyrðum, sem mælt er fyrir um í viðmiðunarreglunum sem um getur í þeim viðaukum, sé fullnægt meðan á þeim stendur.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 30.11.2006, p. 18.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 193, 20.7.2002, bls. 23.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 23.

(<sup>3</sup>) Stjtið. ESB L 103, 2.5.1972, bls. 6.

(<sup>4</sup>) Stjtið. ESB L 37, 7.2.2002, bls. 7.

(<sup>5</sup>) Stjtið. ESB L 227, 1.9.1994, bls. 1.

(<sup>6</sup>) Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 28.

*4. gr.*

Tilskipun 72/168/EBE er felld úr gildi.

*5. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

*6. gr.*

1. Ef yrki hafa ekki verið samþykkt í sameiginlega skrá yfir yrki grænmetistegunda í landbúnaði við gildistöku þessarar tilskipunar og opinberar athuganir hófust fyrir þann dag í samræmi við ákvæði annaðhvort

a) tilskipunar 72/168/EBE eða

b) viðmiðunarreglna skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu, sem eru tilgreindar í I. viðauka, eða viðmiðunarreglna Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja, sem eru tilgreindar í II. viðauka, allt eftir tegundum,

skulu þau yrki teljast fullnægja kröfum þessarar tilskipunar.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu því aðeins gilda að prófanir leiði til þeirrar niðurstöðu að yrkin samrýmist þeim reglum sem settar eru fram annaðhvort í

a) tilskipun 72/168/EBE eða

b) viðmiðunarreglum skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu, sem eru tilgreindar í I. viðauka, eða viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja, sem eru tilgreindar í II. viðauka, allt eftir tegundum.

*7. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*8. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. október 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

## I. VIÐAUKI

**SKRÁ YFIR TEGUNDIR SEM SKULU FULLNÆGJA VIÐMIÐUNARREGLUM SKRIFSTOFUNNAR FYRIR PLÖNTUYRKI Í BANDALAGINU**

Blaðlaukur, bókun TP/85/1 frá 15.11.2001	Melónur, bókun TP/104/1 frá 27.3.2002
Spergill, bókun TP/130/1 frá 27.3.2002	Gúrka/smágúrka, bókun TP/61/1 frá 27.3.2002
Blómkál, bókun TP/45/1 frá 15.11.2001	Gulrætur, bókun TP/49/6 frá 27.3.2002
Spergilkál, bókun TP/151/1 frá 27.3.2002	Salat, bókun TP/13/1 frá 15.11.2001
Rósakál, bókun TP/54/1 frá 27.3.2002	Tómatar, bókun TP/44/2 frá 15.11.2001
Blöðrukál, bókun TP/48/1 frá 15.11.2001	Garðbaunir, bókun TP/12/1 frá 15.11.2001
Hvítkál, bókun TP/48/1 frá 15.11.2001	Hreðkur, bókun TP/64/6 frá 27.3.2002
Rauðkál, bókun TP/48/1 frá 15.11.2001	Spínat, bókun TP/55/6 frá 27.3.2002
Paprika/spænskur pipar, bókun TP/76/1 frá 27.3.2002	Vorsalat/lambasalat, protocol TP/75/6 frá 27.3.2002
Vetrarsalat, bókun TP/118/1 frá 27.3.2002	

Þessar bókanir eru fyrirliggjandi á vefsíðu skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu ([www.cpvo.eu.int](http://www.cpvo.eu.int)).

## II. VIÐAUKI

**SKRÁ YFIR TEGUNDIR SEM SKULU FULLNÆGJA VIÐMIÐUNARREGLUM ALÞJÓÐASAMBANDSINS UM VERND NÝRRA PLÖNTUYRKJA**

Graslaukur/pípulaukur, viðmiðunarregla TG/161/3 frá 1.4.1998	Vatnsmelónur, viðmiðunarregla TG/142/3 frá 26.10.1993
Hvítlaukur, viðmiðunarregla TG/162/4 frá 4.4.2001	Tröllakúrbítur/tröllagrasker, viðmiðunarregla TG/155/3 frá 18.10.1996
Sellerí, viðmiðunarregla TG/82/4 frá 17.4.2002	Grasker/merja, viðmiðunarregla TG/119/4 frá 17.4.2002
Blaðbeðja/strandblaðka, viðmiðunarregla TG/106/3 frá 7.10.1987	Ætíþistill, viðmiðunarregla TG/184/3 frá 4.4.2001
Rauðrófur, viðmiðunarregla TG/60/6 frá 18.10.1996	Fennika, viðmiðunarregla TG/183/3 frá 4.4.2001
Grænkál, viðmiðunarregla TG/90/6 frá 17.4.2002	Steinselja, viðmiðunarregla TG/136/4 frá 18.10.1991
Hnúðkál, viðmiðunarregla TG/65/4 frá 17.4.2002	Blómabaunir, viðmiðunarregla TG/9/5 frá 9.4.2003
Kínakál, viðmiðunarregla TG/105/4 frá 9.4.2003	Ertur, viðmiðunarregla TG/7/9 frá 4.11.1994 (og leiðrétting 18.10.1996)
Næpur, viðmiðunarregla TG/37/10 frá 4.4.2001	Rabarbari, viðmiðunarregla TG/62/6 frá 24.3.1999
Jólasalat, viðmiðunarregla TG/173/3 frá 5.4.2000	Surtarrót, viðmiðunarregla TG/116/3 frá 21.10.1988
Ítalskur kaffifífill, viðmiðunarregla TG/154/3 frá 18.10.1996	Eggaldin, viðmiðunarregla TG/117/4 frá 17.4.2002
Iðnaðarsíkoría, viðmiðunarregla TG/172/3 frá 4.4.2001	Breiðbaunir, viðmiðunarregla TG/206/1 frá 9.4.2003

Þessar viðmiðunarreglur eru fyrirliggjandi á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja ([www.upov.int](http://www.upov.int)).